

## Konungleg auglýsing

Nr. 8.  
27. maí.

um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Eftir að Vjer erum aftur heim komnir úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vjer hjermeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vjer höfum sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vjer með opnu brjefi 7. maí 1914 samkvæmt 1. grein í lögum nr. 25, 11. febr. 1871, höfðum falið bróður Vorum elskulegum, hans konunglegu tign Haraldi Christiáni Frederiki að hafa á hendi, sem ríkisstjóra, í fjarvist Vorri.

Gefið í Kaupmannahöfn, 27. maí 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Zahle.*